

Ársfundur 2017

Tillögur til breytinga á samþykktum Gildis-lífeyrissjóðs - lagðar fyrir ársfund 27. apríl 2017

Tillaga til breytinga á gr. 4.1.:

Grein 4.1. orðist þannig (nýtt er auðkennt með **rauðu, yfirstrikaður texti fellur út):**

Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjórir skulu kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi ásamt ~~tveimur jafnmörgum~~ varamönnum, ~~og en~~ fjórir af stjórn Samtaka atvinnulífsins ásamt tveimur varamönnum. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Gæta skal ákvæða laga um kynjahlutföll við skipan stjórnar. Tveimur mánuðum fyrir ársfund skulu aðildarsamtök launamanna sem að sjóðnum standa skipa fjögurra manna kjörnefnd sem skal gera tillögu til fulltrúa sjóðfélaga í fulltrúaráði um kosningu stjórnarmanna og varamanna þeirra fyrir komandi kjörtímabil. Tillaga kjörnefndar um val til stjórnar skal taka mið af uppruna sjóðsins og hafa það að markmiði að þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafi tilsvarandi aðkomu að stjórn sjóðsins.

Greinargerð með tillögu:

Lagt er til að fækka varamönnum kosnum af fulltrúum launþega úr fjórum í tvo. Sams konar breyting var gerð á árinu 2014 á samþykktunum hvað varðar varamenn skipaða af Samtökum atvinnulífsins.

Sífelld auknar kröfur eru gerðar um hæfismat stjórnarmanna lífeyrissjóða og á það jafnt við um aðalmenn sem varamenn. Þar sem stjórnarfundir eru alla jafna skipulagðir með góðum fyrirvara hefur reynsla undanfarinna ára sýnt að tveir varamenn af hálfu launþega og tveir af hálfu atvinnurekenda ætti að fullnægja þeirri þörf að taka sæti í stjórn ef aðalmenn forfallast.

Tillaga til breytinga á gr. 9.12.:

A og b-liðir 1. mgr. gr. 9.12. orðist þannig (nýtt auðkennt með **rauðu**, yfirstrikaður texti fellur út):

- a) Auka skal réttindainnvinnslu sjóðfélaga sem nemur ~~4,0%~~ 4,5% iðgjalda þeirra. Réttindi skv. ákvæði þessu reiknast að fullu skv. reglum um aldursháða ávinnslu. Þessi réttindi skal auðkenna sérstaklega í réttindabókhalda sjóðsins og veita þau ekki rétt til framreiknings.
- b) Greiða skal viðbótarlífeyri til lífeyrisþega annarra en barnalífeyrisþega sem nemur ~~4,0%~~ 4,5% af lífeyri þeirra. Viðbótarlífeyririnn greiðist mánaðarlega eins og annar lífeyrir. Þessi viðbótarlífeyrir skal merktur sérstaklega í réttindabókhalda sjóðsins.

Greinargerð með tillögu:

Til þess að jafna stöðu lífeyrissjóða vegna mismunandi örorkubyrði hafa lífeyrissjóðir fengið úthlutað framlagi sem greiðist af tryggingagjaldi. Þetta byggir á lagasetningu í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnar í lok árs 2005 um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða sem var ein af forsendum kjarasamninga sem skrifað var undir árið 2006. Hlutfall örorku hjá Gildi er mjög hátt, hærra en hjá mörgum öðrum lífeyrissjóðum. Á grundvelli ákvæðis í samþykktum Gildis frá árinu 2011 hefur sjóðurinn nýtt þetta framlag til þess að hækka réttindi lífeyrisþega og greiðandi sjóðfélaga um 4,5%. Framlagið til Gildis nam á árinu 2016 rúmlega 1.300 milljónum króna.

Framangreint framlag til aukningar réttindaávinnslu og lífeyrisgreiðslna skal hverju sinni að hámarki nema örorkuframlagi ársins. Tryggingastærðfræðingur sjóðsins skal árlega meta skuldbindingar sjóðsins skv. framangreindri reglu miðað við örorkuframlag ársins og vænt iðgjöld og lífeyrisgreiðslur á komandi ári og gera tillögu um breytingu á hundraðshluta viðbótarávinnslu og lífeyris, gefi matið til þess tilefni. Skal sjóðstjórn þá leggja tillögur að breytingum samþykta lífeyrissjóðsins fyrir ársfund hans svo tryggt sé að örorkuframlagið dugi fyrir skuldbindingum.

Samkvæmt útreikningi tryggingafræðings sjóðsins dugar örorkuframlagið ekki til þess að greiða 4,5% hækkun og leggur stjórn sjóðsins því til breytingu á samþykktunum í samræmi við tillögu tryggingafræðingsins um lækkun úr 4,5% í 4,0%. Tekur sú breyting gildi 1. janúar 2018.